

Alþingi, nefndarsvið
Kirkjustræti
150 REYKJAVÍKReykjavík, 13. desember 2012 R2012120008
T-ums 22/12

Alþingi
Erindi nr. P 141/1050
komudagur 13.12.2012

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum -
468. mál, þskj. 602.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 7. desember 2012 mótttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum sem varða skatta og gjöld. Af þessu tilefni vill ríkisskattstjóri vekja athygli á eftirfarandi:

1. gr. - Virðisaukaskattur af útleigu á hótél- og gistiherbergjum verður 14%

Ríkisskattstjóri varar eindregið við því að taka upp þriðja þrepið (fjórða þrepið er 0% skattur) í virðisaukaskatti. Fjöldi þrepa eykur hættuna á undanskotum og flækir virðisaukaskattskerfið. Verði þessi breyting að lögum er augljós hættu á að aðilar sem selja gistingu og fæði þannig að eitt verð innihaldi hvort tveggja, freistist í auknum mæli til þess að hnika til skattverðinu sér í vil, þ.e. að hækka verð fæðisins en lækka verð gistingarinnar á móti. Þá bendir ríkisskattstjóri á að þessi fyrirætlan mun hafa í för með sér mikinn kostnað fyrir atvinnulífið vegna uppgjörskerfa sem nú þarf að forrita upp á nýtt. Þá er ljóst að ríkisskattstjóri mun þurfa að leggja í mikinn kostnað og mannaflsfreka vinnu við að gera nauðsynlegar breytingar á tölvukerfum, eyðublöðum og verkferlum. Það á ekki eingöngu við um þau kerfi sem snúa að virðisaukaskattinum heldur einnig tekjuskattinum. Má sem dæmi nefna að bæta þarf við nýjum dálki og reitum á framtalseyðublöð rekstraraðila og þar með breyta öllum tölvukerfum framtalsforrita hjá ríkisskattstjóra og hugbúnaðarhúsum sem selja slík forrit. Framkvæma þarf viðbætur á regluprófunarkerfi ásamt því að gera þarf viðeigandi breytingar á fjölmörgum leiðbeiningartextum. Öll þessi ráðagerð er í andstöðu við ábendingar BluePrint hópsins sem gerði athuganir á íslenska skattkerfinu þ.m.t. tölvukerfum ríkisskattstjóra við undirbúning aðildar Íslands að ESB. Kostnaður við enn eitt þrepið mun verða verulegur og sérstaka fjárveitingu mun þurfa til að gera þessar breytingar. Þá er einnig minnt á aðvaranir AGS um skilvirkni skattheimtugerfa. Jafnframt er á það bent að samhliða yrði haldið úti án mikils ávinnings flókinni skattlagningu á gistingu, sem eflaust mætti einfalda til muna, þannig að álag á skattkerfið yrði jafnað samsvarandi, þegar og ef nýtt þrep yrði tekið upp í virðisaukaskatti.

6. gr. - Skattlagning afleiðusamninga

Að mati ríkisskattstjóra gætir nokkurrar ónákvæmni í athugasemdum með 6. gr. frumvarpsins þar sem fram kemur að um uppgjör á afleiðum færi samkvæmt 12.-27. gr. tekjuskattslaga. Tilvísun þessi er ónákvæm og óheppileg að vissu leyti þar sem tilvitnuð ákvæði taka jöfnum höndum til lausafjár sem aflað er til að selja aftur með hagnaði og lausafjár sem ætlað er til

eigin nota og því settar mismunandi reglur um eignarhaldstíma og sönnun þess að ekki hafi legið hagnaðarskyn að baki öflun viðkomandi lausafjár. Það er álit ríkisskattstjóra að rétt væri að taka af allan vafa, t.d. í nefndarálini, um að tilfærsla afleiðna frá skattlagningu sem vaxtatekjur breyti ekki þeirri meginreglu að hagnaður af slíkum viðskiptum sé ætíð skattskyldur á söluári óháð þeim hvötum sem lágu að baki slíkum viðskiptum.

7. og 8. gr. - Skattlagning afleiðusamninga þar sem undirliggjandi verðmæti eru hlutabréf

Ríkisskattstjóri bendir á að almennt ber að skýra undanþágur frá skattlagningu þröngt og af þeim sökum þarf að liggja skýrt fyrir að frádráttur frá söluhagnaði hlutabréfa, sem veittur er vegna kaupa á afleiðum, þar sem undirliggjandi verðmæti séu hlutabréf, sé hafið yfir allan vafa. Ríkisskattstjóri hefur í störfum sínum rekist á ýmis dæmi þar sem spákaupmennska með verðbréf eða afleiður af ýmsum toga er fært í búning hlutabréfaviðskipta til þess að koma tekjum undan skattlagningu. Þannig væri rétt að hvika í engu frá því skilyrði að heimildin til frádráttar verði bundin við sölu á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem byggt er á ákveðinni stöðlun sbr. framhaldsnefndarálit efnahags- og skattanefndar (þskj. 938, 325. mál á 135. löggjafarþingi 2007-2008).

14. gr. - Útsendir starfsmenn


Ríkisskattstjóri bendir á að Ísland hefur gert fjölda samninga við erlend ríki til að koma í veg fyrir tvísköttun, ennfremur er að finna í heimild í 5. mgr. 119. gr. tekjuskattslaga til að lækka tekjuskatt sé ekki fyrir hendi tvísköttunarsamningur. Ríkisskattstjóra er ekki ljóst hvað ákvæði sem þetta bætir réttarstöðu þeirra sem undir það kynnu að falla. Samskonar löggjöf hefur nýverið verð felld úr gildi í Danmörku. Að mati ríkisskattstjóra myndi ákvæði sem þetta flækja álagningu opinberra gjalda hjá þessum hópi þar sem ekki yrði viðkomið vélrænum „handreikningi“ á framtölum þessara aðila. Að auki eykst umstang framteljanda þar sem hann þarf að sækja um útreikning samkvæmt þessari reglu og láta fylgja ýmis gögn slíkri umsókn. Allt slíkt flækir skattframkvæmd og kallar á sértæka vinnu sem varla verður við komið á sama tíma og fjárheimildir embættisins eru skornar niður. Í viðauka með umsögn þessari eru dæmi sem sýna hvernig umrætt ákvæði kæmi til framkvæmda í álagningu. Af þessum dæmum verður ráðið að lítil breyting verður til hagræðis fyrir þennan hóp. Einna helst má finna hagræði hjá þeim launþegum sem greitt hafa lága skatta í vinnuríkinu.


40. gr. – Gildistökuákvæði

Samkvæmt a-lið gildistökuákvæðis á ákvæði 1. gr. frumvarpsins að öðlast gildi 1. maí 2013 og taka til afhendingar og útleigu hótél- og gistiherbergja og annarrar gistiþjónustu frá og með þeim degi. Að mati ríkisskattstjóra er um ræða allt of skamman tíma sem skattyfirvöld jafnt sem rekstraraðilar, atvinnuframteljendur og hugbúnaðarhús hafa til undirbúnings. Þá flækir það einnig skattframkvæmdina eitt og sér að láta breytingar á skatthlutfalli taka gildi á miðju ári, þ.e. að sala á tiltekinni þjónustu skuli bera mismunandi virðisaukaskatt innan sama árs og kallar á sérstakt uppgjör vegna næsta árs. Fyrir þessu fengu skattyfirvöld og framteljendur að finna þegar að breytingarnar á skatthlutföllunum í virðisaukaskatti voru látin taka gildi 1. mars 2007. Loks vill ríkisskattstjóri taka undir þau sjónarmið sem fram hafa komið að svona skammur fyrirvari kann að riðla rekstrarætlunum þeirra sem hafa atvinnu af útleigu gistiþjónustu. Ef allt að einu téðar breytingar verði lögfestar er óhjákvæmilegt að miða við áramót, að gildistaka verði í fyrsta lagi 1. janúar 2014.

Til viðbótar við framangreint vill ríkisskattstjóri vekja athygli á að í dag millifærist persónuafsláttur að fullu til maka þeirra sem starfa hjá alþjóðastofnunum og hafa heimild til frádráttar skv. 2. tölul. A-liðar 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga. Að mati ríkisskattstjóra væri eðlilegt að við slíkar aðstæður væri persónuafsláttur ekki millifæranlegur.

Virðingarfyllst


Skúli Eggert Þórðarson


Guðrún J. Jónsdóttir

Hjálagt: Viðauki með dæmum

Dæmi 1:

Álagning miðuð við nágildandi lög, álagning 2012 vegna tekna 2011. Erlendu tekjurnar frá tvísköttunarríki þar sem samningur kveður á um hlutföllun:

Íslenskar tekjur	1.620.435
Erlendar tekjur	549.457
Heildartekjur	2.169.892
Hlutfall erlendra tekna í heild	25,32%
22,90% tekjuskattur af 2.169.892	496.905
Persónuafsláttur til frádráttar	530.466
Ónýttur persónuafsláttur	33.561
Tekjuskattur	0
Útsvar (meðaltal 14,41%) af 2.169.892	312.681
Persónuafsláttur til frádráttar frá útsvari	33.561
Þannig reiknað útsvar	279.120
Útsvar lækkað um hlutf. erl. tekna 25,32%	70.673
Álagt útsvar	208.447

Álagning tekjuskatts og útsvars þessa einstaklings yrði kr. 208.447.

Álagning miðuð við frumvarpstexta um útsenda starfsmenn ef slíkt ákvæði hefði verið í gildi við álagningu 2012 vegna tekjuársins 2011.

Íslenskar tekjur	1.620.435
Erlendar tekjur	549.457
Heildartekjur	2.169.892
Hlutfall erlendra tekna í heild	25,32%
22,90% tekjuskattur af 2.169.892	496.905
Persónuafsláttur til frádráttar	530.466
Ónýttur persónuafsláttur	33.561
Tekjuskattur	0
Útsvar (meðaltal 14,41%) af 2.169.892	312.681
Persónuafsláttur til frádráttar frá útsvari	33.561
Þannig reiknað útsvar	279.120
Útsvar lækkað um hlutf. erl. tekna 25,32%	70.673
Álagt útsvar	208.447

Álagning tekjuskatts og útsvars þessa einstaklings yrði kr. 208.447..

Samkvæmt þessu dæmi væri enginn munur á skattalegri stöðu viðkomandi launþega hvort sem ákvæðum tvísköttunarsamnings væri beitt eða hvort að frumvarpstextanum yrði beitt.

Dæmi 2

Álagning miðuð við núgildandi lög, álagning 2012 vegna tekna 2011. Erlendu tekjurnar eru frá tvísköttunarríki þar sem samningur kveður á um hlutföllun:

Íslenskar tekjur	3.579.576
Erlendar tekjur	4.327.589
Heildartekjur	7.907.165
Hlutfall erlendra tekna í heild	54,73%
22,90% tekjuskattur af 2.512.800	575.431
25,8% tekjuskattur af 5.394.365	1.391.746
Tekjuskattur samtals	1.967.177
Persónuafsláttur til frádráttar	530.466
Þannig reiknaður tekjuskattur	1.436.711
Tekjusk. lækkaður um hlutf. erl. tekna	786.312
Álagður tekjuskattur	650.399
Útvar (meðaltal 14,41%) af 7.907.165	1.139.422
Útvar lækkað um hlutf. erl. tekna 54,73%	623.605
Álagt útvar	515.817

Álagning tekjuskatts og útvars þessa einstaklings yrði samtals kr. 1.166.216.

Álagning miðuð við frumvarpstexta um útsenda starfsmenn ef slíkt ákvæði hefði verið í gildi við álagningu 2012 vegna tekjuársins 2011.

Íslenskar tekjur	3.579.576
Erlendar tekjur	4.327.589
Heildartekjur	7.907.165
Hlutfall erlendra tekna í heild	54,73%
22,90% tekjuskattur af 2.512.800	575.431
25,8% tekjuskattur af 5.394.365	1.391.746
Tekjuskattur samtals	1.967.177
Persónuafsláttur til frádráttar	530.466
Þannig reiknaður tekjuskattur	1.436.711
Tekjusk. lækkaður um hlutf. erl. tekna	786.312
Álagður tekjuskattur	650.399
Útvar (meðaltal 14,41%) af 7.907.165	1.139.422
Útvar lækkað um hlutf. erl. tekna 54,73%	623.605
Álagt útvar	515.817

Álagning tekjuskatts og útvars þessa einstaklings yrði kr. 1.166.216.

Samkvæmt þessu dæmi væri enginn munur á skattalegri stöðu viðkomandi launþega hvort sem ákvæðum tvísköttunarsamnings væri beitt eða hvort að frumvarpstextanum yrði beitt.

Dæmi 3:

Álagning miðuð við núgildandi lög, álagning 2012 vegna tekna 2011. Erlendu tekjurnar eru frá tvísköttunarríki þar sem samningur kveður á um frádrátt vegna erlendra skattgreiðslna:

Íslenskar tekjur	130.634
Erlendar tekjur	3.082.644
Heildartekjur	3.213.278
Hlutfall erlendra tekna í heild	95,93%
Greiddur skattur erlendis	840.736
22,90% tekjuskattur af 2.512.800	575.431
25,8% tekjuskattur af 700.478	180.723
Tekjuskattur samtals	756.154
Persónuafsláttur til frádráttar	530.466
Þannig reiknaður tekjuskattur	225.688
Útsvar (meðaltal 14,41%) af 3.213.278	463.033
Samtals tekjuskattur og útsvar af heild	688.721
95,93% af útreiknuðum tekjuskatti	216.502
95,93% af útreiknuðu útsvari	444.187
Samtals tekjusk. og útsvar af erl. tekjum	660.689
Lækkun	660.689

Álagning tekjuskatts og útsvars þessa einstaklings yrði kr. 28.032. Lækkun takmarkast við útreiknaðan íslenskan tekjuskatt og útreiknað íslenskt útsvar af erlendum tekjum þar sem sú fjárhæð er lægri en greiddur skattur erlendis.

Álagning miðuð við frumvarpstexta um útsenda starfsmenn ef slíkt ákvæði hefði verið í gildi við álagningu 2012 vegna tekjuársins 2011.

Íslenskar tekjur	130.634
Erlendar tekjur	3.082.644
Heildartekjur	3.213.278
Hlutfall erlendra tekna í heild	95,93%
Greiddur skattur erlendis	840.736
22,90% tekjuskattur af 2.512.800	575.431
25,8% tekjuskattur af 700.478	180.723
Tekjuskattur samtals	756.154
Persónuafsláttur til frádráttar	530.466
Þannig reiknaður tekjuskattur	225.688
Tekjusk. lækkaður um hlutf. erl. tekna	216.502
Álagður tekjuskattur	9.186
Útsvar (meðaltal 14,41%) af 3.213.278	463.033

Útsvar lækkað um hlutf. erl. tekna	444.187
Álagt útsvar	18.846

Álagning tekjuskatts og útsvars þessa einstaklings yrði kr. 28.032.

Samkvæmt þessu dæmi væri enginn munur á skattalegri stöðu viðkomandi launþega hvort sem ákvæðum tvísköttunarsamnings væri beitt eða hvort að frumvarpstextanum yrði beitt.

Dæmi 4:

Álagning miðuð við núgildandi lög, álagning 2012 vegna tekna 2011. Erlendu tekjurnar frá tvísköttunarríki þar sem samningur kveður á um frádrátt vegna erlendra skattgreiðslna:

Íslenskar tekjur	1.791.875
Erlendar tekjur	1.452.320
Heildartekjur	3.244.195
Hlutfall erlendra tekna í heild	44,76%
Greiddur skattur erlendis	120.578
22,90% tekjuskattur af 2.512.800	575.431
25,8% tekjuskattur af 731.395	188.700
Tekjuskattur samtals	764.131
Persónuafsláttur til frádráttar	530.466
Þannig reiknaður tekjuskattur	233.665
Útsvar (meðaltal 14,41%) af 3.244.195	467.488
Samtals tekjuskattur og útsvar af heild	701.153
44,76% af útreiknuðum tekjuskatti	104.588
44,76% af útreiknuðu útsvari	209.247
Samtals tekjusk. og útsvar af erl. tekjum	313.835
Lækkun takm. við erl. skattgreiðslu	120.578

Álagning tekjuskatts og útsvar hjá þessum einstaklingi væri kr. 580.575. Lækkun takmarkast við greiddan skatt erlendis þar sem sú fjárhæð er lægri en reiknaður íslenskur tekjuskattur og reiknað íslenskt útsvar á erlendar tekjur.

Álagning miðuð við frumvarpstexta um útsenda starfsmenn ef slíkt ákvæði hefði verið í gildi við álagningu 2012 vegna tekjuársins 2011.

Íslenskar tekjur	1.791.875
Erlendar tekjur	1.452.320
Heildartekjur	3.244.195
Hlutfall erlendra tekna í heild	44,76%
Greiddur skattur erlendis	120.578
22,09% tekjuskattur af 2.512.800	575.431
25,8% tekjuskattur af 731.395	188.700

Tekjuskattur samtals	764.131
Persónuafsláttur til frádráttar	530.466
Þannig reiknaður tekjuskattur	233.665
Útsvar (meðaltal 14,41%) af 3.244.195	467.488
Samtals tekjuskattur og útsvar af heild	701.153
44,76% af útreiknuðum tekjuskatti	104.575
44,76% af útreiknuðu útsvari	209.247
Samtals tekjusk. og útsvar af erl. tekjum	314.122
Lækkun	314.122

Álagning tekjuskatts og útsvars hjá þessum einstaklingi væri kr. 387.031.

Samkvæmt þessu dæmi myndi viðkomandi launþegi greiða kr. 193.544 minna í tekjuskatt og útsvar ef frumvarpstextanum yrði beitt en ekki ákvæðum tvísköttunarsamnings. Ástæðan er sú að skatthlutfallið í hinu erlenda ríki er mun lægra en á Íslandi.

Ath. hafa þarf í huga að ef eingöngu er um að ræða erlendar tekjur yrði lækkun skv. frumvarpstíllögunni 100% á íslenskum tekjuskatti og íslensku útsvari. En persónuafsláttur myndi ekki millifærast til maka, nema í þeim tilvikum þar sem erlendu tekjurnar væru undir skattleysismörkum, þar sem lækkun á sér stað eftir að persónuafsláttur hefur verið dreginn frá útreiknuðum tekjuskatti og útsvari.